



FÉLAG ÍSLENSKRA  
LISTDANSARA

Alþingi  
Nefnda- og greiningasvið  
105 Reykjavík

Reykjavík, 7. Mars 2024

Efni: Til umsagnar - Mál nr. 688 - Tillaga til þingsályktunar um varðveislu íslenskra danslistaverka.

Þann 22. Febrúar síðastliðinn barst erindi frá nefnda - greiningasviði Alþingis þar sem óskað var eftir umsögn Félags íslenskra listdansara varðandi mál nr 688 og vill félagið koma eftirfarandi á framfæri vegna þessa.

Félag íslenskra listdansara tekur undir og styður við tillögu til þingsályktunar um varðveislu íslenskra danslistaverka enda er staðan ekki góð hvað það varðar eins og listað er upp í tillögunni. Að vissu leyti sinnir Leikminjasafnið, sem starfar undir Landsbókasafni Íslands - Háskólasafni, söfnun, varðveislu, skráningu og miðlun danslistaverka en mikilvægt er að marka heildarstefnu um varðveislu listformsins. Huga verður að varðveislu verka hjá sjálfstætt starfandi danslistafólki og hópum rétt eins og hjá ríkisstofnunum eins og Íslenska dansflokknum.

Þingsályktunartillaga um varðveislu íslenskra danslistaverka rímar vel við það starf sem nú er unnið að innan menningar- og viðskiptaráðuneytisins um mótun opinberrar sviðslistastefnu, og mætti því vel huga að því að koma ákvæðum um varðveislu danslistaverka að í henni.

Lilja Björk Haraldsdóttir  
Formaður,  
Félag íslenskra listdansara